

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1449**

2022/EES/34/83

frá 3. september 2021

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2-fenýlfenól (þ.m.t. sölt þess, s.s. natríumsalt), 8-hýdroxýkínólín, amíðósúlfúrón, bífenox, klórmekvat, klórótólúrón, klófentesín, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, díkamba, dífenókónasól, díflúfeníkan, dímetaklór, etófenprox, fenoxapróp-P, fenprópidín, flúdíoxóníl, flúfenaset, fosfíasat, indoxakarb, lenasíl, MCPA, MCPB, níkósúlfúrón, paraffínólíur, paraffínolíu, penkónasól, píklóram, própapakvisafóp, prósulfókarb, kvisalófóp-P-etyl, kvisalófóp-P-tefúryl, brennistein, tetrakónasól, tríallat, tríflúsúlfúrón og trítósúlfúrón (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (1), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (2) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1511 (3) var samþykkistímabilið fyrir virku efnin klórótólúrón, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, flúdíoxóníl, flúfenaset, fosfíasat, indoxakarb, MCPA, MCPB og prósulfókarb framlengt til 31. október 2021, samþykkistímabilið fyrir virka efnið trítósúlfúrón framlengt til 30. nóvember 2021 og samþykkistímabilið fyrir virku efnin amíðósúlfúrón, bífenox, klófentesín, díkamba, dífenókónasól, díflúfeníkan, fenoxapróp-P, fenprópidín, lenasíl, níkósúlfúrón, paraffínólíur, píklóram, brennistein og tríflúsúlfúrón framlengt til 31. desember 2021. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2104 (4) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið paraffínolíu framlengt til 31. desember 2021. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/555 (5) var samþykkistímabilið fyrir virku efnin klórmekvat, própapakvisafóp og kvisalófóp-P-etyl framlengt til 30. nóvember 2021 og fyrir virku efnin 2-fenýlfenól (þ.m.t. sölt þess, s.s. natríumsalt), dímetaklór, etófenprox, penkónasól, tetrakónasól og tríallat til 31. desember 2021. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1530 (6) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið kvisalófóp-P-tefúryl framlengt til 30. nóvember 2021.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 313, 6.9.2021, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1511 frá 16. október 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amíðósúlfúrón, bífenox, klórótólúrón, klófentesín, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, díkamba, dífenókónasól, díflúfeníkan, fenoxapróp-P, fenprópidín, flúdíoxóníl, flúfenaset, fosfíasat, indoxakarb, lenasíl, MCPA, MCPB, níkósúlfúrón, paraffínólíur, píklóram, prósulfókarb, brennistein, tríflúsúlfúrón og trítósúlfúrón (Stjtið. ESB L 344, 19.10.2020, bls. 18).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2104 frá 15. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið paraffínolíu (Stjtið. ESB L 425, 16.12.2020, bls. 93).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/555 frá 24. mars 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir nokkur virk efni sem eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 (endurnýjunaráætlun AIR IV) (Stjtið. ESB L 80, 25.3.2017, bls. 1).

(6) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1530 frá 7. september 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið kvisalófóp-p-tefúryl (Stjtið. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 4).

- 3) Samþykkið fyrir virka efninu 8-hýdroxýkínólín á að renna út 31. desember 2021 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 993/2011 ⁽⁷⁾.
- 4) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁸⁾.
- 5) Þar eð mat á þessum virku efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.
- 6) Enn fremur er gerð krafa um framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virku efnin 2-fenýlfenól (þ.m.t. sölt þess, s.s. natríumsalt), 8-hýdroxýkínólín, amíðósúlfúrón, klófentesín, klómasón, damínósíð, fenoxapróp-P, flúdíoxóníl, flúfenaset, lenasil, tríflúsúlfúrón og trítósúlfúrón í því skyni að veita þann tíma sem er nauðsynlegur til að vinna mat í tengslum við innkirtlatruflandi eiginleika þessara virku efna í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.
- 7) Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistöku dag eins fljótt og unnt er.
- 8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 993/2011 frá 6. október 2011 um samþykki fyrir virka efninu 8-hýdroxýkínólíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 263, 7.10.2011, bls. 1).

⁽⁸⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 18, 8-hýdroxýkínólín, kemur „31. desember 2022“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 40, deltametrín, kemur „31. október 2022“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 65, flúfenaset, kemur „31. október 2022“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 69, fosfíasat, kemur „31. október 2022“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 102, klórótólúrón, kemur „31. október 2022“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 103, sýpermetrín, kemur „31. október 2022“.
- 7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 104, damínósíð, kemur „31. október 2022“.
- 8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 107, MCPA, kemur „31. október 2022“.
- 9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 108, MCPB, kemur „31. október 2022“.
- 10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 119, indoxakarb, kemur „31. október 2022“.
- 11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 160, prósúlfókarb, kemur „31. október 2022“.
- 12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 161, flúdíoxóníl, kemur „31. október 2022“.
- 13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 162, klómasón, kemur „31. október 2022“.
- 14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 169, amíðósúlfúrón, kemur „31. desember 2022“.
- 15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 170, níkósúlfúrón, kemur „31. desember 2022“.
- 16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 171, klófentesín, kemur „31. desember 2022“.
- 17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 172, dikamba, kemur „31. desember 2022“.
- 18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 173, difenókónasól, kemur „31. desember 2022“.
- 19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 176, lenasíl, kemur „31. desember 2022“.
- 20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 178, piklóram, kemur „31. desember 2022“.
- 21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 180, bifenoxy, kemur „31. desember 2022“.
- 22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 181, diflúfeníkan, kemur „31. desember 2022“.
- 23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 182, fenoxapróp-P, kemur „31. desember 2022“.
- 24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 183, fenprópídín, kemur „31. desember 2022“.
- 25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 186, trítósúlfúrón, kemur „30. nóvember 2022“.

- 26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 276, klórmekvat, kemur „30. nóvember 2022“.
 - 27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 278, própakvisaföp, kemur „30. nóvember 2022“.
 - 28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 279, kvisalóföp-P-etýl og kvisalóföp-P-tefúrýl, kemur „30. nóvember 2022“.
 - 29) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 284, dímetaklór, kemur „31. desember 2022“.
 - 30) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 285, etófenprox, kemur „31. desember 2022“.
 - 31) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 287, penkónasól, kemur „31. desember 2022“.
 - 32) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 288, triallat, kemur „31. desember 2022“.
 - 33) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 289, tríflúsúlfúrón, kemur „31. desember 2022“.
 - 34) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 292, brennisteinn, kemur „31. desember 2022“.
 - 35) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 293, tetrakónasól, kemur „31. desember 2022“.
 - 36) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 294, paraffinolíur, kemur „31. desember 2022“.
 - 37) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 295, paraffinolía, kemur „31. desember 2022“.
 - 38) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 299, 2-fenýlfenól (þ.m.t. sölt þess, s.s. natríumsalt), kemur „31. desember 2022“.
-